

Mannréttindadagatal

Eftirfarandi dagatal er fyrsta tilraunin sem gerð er til að taka saman lista yfir þá daga sem helgaðir eru mannréttindabaráttu um allan heim. Dagsetningarnar hafa verið sóttar í lista yfir alþjóðadaga Sameinuðu þjóðanna, alþjóðadaga frjálsra félagasamtaka og árlega hátíðisdaga vegna sögulegra viðburða. Þetta er hvorki fullunninn né endanlegur listi heldur aðeins drög sem ungmennin geta nýtt sér. Vísað er í verkefni í 2. kafla.

Ljósrita mætti dagatalið og búa til veggspjald til að vekja til áhuga á mannréttindamálum, ekki síst þar sem það sýnir vel hve víðtæk og fjölbreytt þau eru. Hægt er að leyfa þátttakendum að velja tiltekin umræðuefni og kanna lykildagsetningar hérlendis sem erlendis. Þeim má síðan bæta við dagatalið sem persónulegum heimildum hópsins.

Hverju verkefni í 2. kafla fylgir lykildagsetning. Þannig er hægt að nota dagatalið sem tæki til að búa til ársáætlun á sviði mannréttindafræðslu. Hægt er að hefja hverja viku eða mánuð á verkefni sem við á hverju sinni. Þann 3. maí, á degi frjálsrar fjölmiðlunar, væri t.d. hægt að vinna verkefnið „Forsíða“ (bls. 109) og 25. nóvember, á alþjóðadeginum gegn ofbeldi á konum, væri hægt að glíma við „Heimilisofbeldi“ (bls. 119). Einnig gætu þátttakendur tekið þátt í viðburðum sem skipulagðir eru af öðrum samtökum á þessum dögum, til dæmis slegist í hóp umhverfissinna til að halda upp á dag jarðarinnar 22. apríl. Ýmsar ráðleggingar um virkar aðgerðir er að finna í 3. kafla bókarinnar, „Aðgerðir“.

Rétt eins og skilningur fólks á mannréttindum breytist og þróast frá ári til árs, þá breytist þetta dagatal einnig. Það er áskorun til allra sem nota þessa handbók að finna nýjar leiðir til að fagna mannréttindum hvern einasta dag, allan ársins hring.

Dagsetn.	Tílefni	Verkefni
8. janúar	Alþjóðadagur læsis	<i>Menntun fyrir alla?</i>
27. janúar	Alþjóðadagur til minningar um helförina	
20. febrúar	Dagur fríðsamlegra mótmæla	<i>Orkuver</i>
21. febrúar	Alþjóðadagur móðurmáls (UNESCO)	<i>Tungumálaerfiðleikar</i>
1. mars	Alþjóðadagur um afnám dauðarefsinga	
8. mars	Alþjóða kvennadagurinn	<i>Kvenhetjur og karlhetjur</i>
21. mars	Alþjóðadagur ljóðsins (UNESCO)	<i>Myndaleikir</i>
21. mars	Alþjóðadagur til afnáms kynþáttamisréttis	<i>Viðbrögð gegn kynþáttafordómum</i>
22. mars	Alþjóðadagur ferskvatnsins	<i>Lífsveturinn</i>
23. mars	Alþjóða veðurfræðidagurinn (WMO)	
24. mars	Alþjóða berklavarnadagurinn (WHO)	
7. apríl	Alþjóðadagur heilbrigðis (WHO)	<i>Augnablik!</i>
8. apríl	Alþjóðadagur Rómafólksins	<i>Taktu skref áfram</i>
22. apríl	Dagur jarðar	<i>Lífsveturinn</i>
23. apríl	Alþjóðadagur bóka og höfundaréttar (UNESCO)	
30. apríl	Minningardagur um helförina (Yom ha Shoah)	
1. maí	Alþjóðadagur verkalýðsins	<i>Mismunandi laun, Stéttarfélagsgögn</i>
3. maí	Alþjóðadagur fjölmiðlafrelsis (UNESCO)	<i>Forsíða</i>
8. maí	Alþjóðadagur Rauða krossins og Rauða hálfmánans	<i>Réttindabingó</i>
15. maí	Alþjóðadagur fjölskyldunnar	<i>Vinna og börn</i>

Dagsetn.	Tilefni	Verkefni
17. maí	Alþjóðafjarskiptadagurinn (ITU)	Áhrif Netsins
17. maí	Alþjóðadagur gegn kynhneigðarhroka	
21. maí	Alþjóðadagur menningarlegrar fjölbreytni, samræðna og þróunar	
31. maí	Alþjóðadagur tóbaksvarna (Reyklaus dagur) (WHO)	
4. júní	Alþjóðadagur barna er orðið hafa fórnarlömb árása	Eigum við annarra kosta völ?
5. júní	Alþjóðadagur umhverfisins (UNEP)	Garður á einni nóttu
12. júní	Alþjóðadagur gegn barnaþrælkun	
15. júní	Alþjóða matvæladagurinn	
17. júní	Alþjóðadagur helgaður baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og ofþurrki	
19. júní	Dagurinn sem konur fengu kosningarétt hér á landi	Að kjósa eða sitja hjá
20. júní	Alþjóðadagur flóttamanna	Má ég koma inn?
21. júní	Alþjóðadagur friðar og bænahalds	Öll jöfn – öll ólík
26. júní	Alþjóðadagur gegn misnotkun og sölu fíkniefna	
26. júní	Alþjóðadagur fórnarlamba pyndinga	Þegar morgunn ris
26. júní	Dagur stofnsáttmála SP	Tungumálaerfiðleikar
Fyrsti laugardagur júlímánaðar	Alþjóða samvinnudagurinn	Spilaðu með!
11. júlí	Alþjóða íbúadagurinn (UNFPA)	
6. ágúst	Hiroshima-dagurinn (til minningar um fórnarlömb fyrstu atómsprengjunnar í Hiroshima, Japan, 1945)	
7. ágúst	Alþjóðlegur fræðslu- og réttindadagur transgender fólks	Hverjir eru ég?
9. ágúst	Alþjóðadagur frumbyggja	Hvalveiðar Makah-ættbálksins
12. ágúst	Alþjóðadagur æskunnar	Framtíðarmöguleikar okkar
23. ágúst	Alþjóðadagur til minningar þrælasölu og afnáms hennar (UNESCO)	
8. september	Alþjóðadagur læsis (UNESCO)	Orðasafn um hnattvæðingu
16. september	Alþjóðadagur til varnar ósonlaginu	
21. september	Alþjóða friðardagurinn	Ráðstöfun fjármuna
Fyrsti mánudagur í október	Alþjóðadagur húsnæðis og byggðar (Borgir án fátækrahverfa)	Borgirnar tvær
Annar miðvikudagur í októberbermánuði	Alþjóðadagur helgaður fyrirbyggingu náttúruhamfara	
1. október	Alþjóðadagur aldraðra	
1. október	Alþjóðlegi tónlistardagurinn	
5. október	Alþjóðadagur kennara (UNESCO)	Látið allir raddir hljóma
10. október	Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn	Íþróttir fyrir alla
16. október	Alþjóðadagur matvæla (FAO)	
17. október	Alþjóðadagur helgaður útrýmingu fátæktar	Baráttan um auð og völd
24. október	Alþjóðadagur til upplýsinga um þróun	Varið ykkur, við fylgjumst með!
24. október	Dagur Sameinuðu þjóðanna	Atkvæðasmölun, Mannréttindafrömuðir
3. nóvember	Alþjóðadagur karla	Kvenhetjur og karlhetjur
9. nóvember	Kristalnóttin, alþjóðlegur baráttudagur gegn fasisma og gyðingahatri	
9. nóvember	Fall Berlínarmúrsins 1989	Sköpum tengsl
11. nóvember	Alþjóðadagur vísinda og friðar	Stjörnuþákort fátæktar
16. nóvember	Alþjóðadagur umburðarlyndis (UNESCO)	Ofbeldi í lífi mínu
20. nóvember	Alþjóðadagur barna	Réttindi barna
21. nóvember	Alþjóðadagur sjónvarpsins	Myndaleikir
25. nóvember	Alþjóðadagur gegn ofbeldi á konum	Leiðin til „Jafnréttislands“
29. nóvember	Alþjóðadagur til samstöðu með Palestínubúum	
1. desember	Alþjóðlegi alnæmisdagurinn (WHO)	Aðgengi að lyfjum
2. desember	Alþjóðadagur aflausnar þrælahalds	Saga Ashiques
3. desember	Alþjóðadagur fatlaðra	Sjáðu hvað þú getur!
5. desember	Alþjóðadagur helgaður sjálfböðavinnu við efnahags- og félagslega þróun	Hvað finnst ykkur?
10. desember	Alþjóða mannréttindadagurinn (1948)	Teiknaðu orðið, Sýndu það!
18. desember	Alþjóðadagur farandfólks	Taktu skref áfram
29. desember	Alþjóðadagur líffræðilegrar fjölbreytni	

